

## **244. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 26. júní 2006.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 8:30.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir:

Bragi Guðmundsson dósent  
Eyjólfur Guðmundsson deildarforseti  
Guðmundur Heiðar Frímansson deildarforseti  
Hermann Óskarsson deildarforseti  
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður  
Þórir Sigurðsson lektor

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 243. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### **2. Rekstraryfirlit janúar – maí 2006**

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – maí. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 408,1 m.kr. (41,91% af áætlun ársins) þar af 240,5 m.kr. vegna kennsludeilda.

### **3. Ársreikningur HA 2005**

Úlfar gerði grein fyrir Ársreikningi HA 2005. Rekstrarhalli ársins var 86,6 m. kr.

### **4. Innritun 2006**

Laufey Petrea Magnúsdóttir gerði grein fyrir umsóknum um nám á haustmisseri. Samtals hafa borist 541 umsókn, þar með taldar umsóknir í framhaldsnám í kennaradeild sem þegar hafa verið afgreiddar í háskólaráði. 102 umsóknir bárust um nám í félagsvísinda- og lagadeild, 115 í heilbrigðisdeild, 157 í kennaradeild og 167 umsóknir í viðskipta- og raunvísindadeild. Lagt er til að 468 umsóknir verði samþykktar og 73 verði hafnað. Á sama tíma í fyrra höfðu heldur fleiri umsóknir borist, eða 607, og munar helst um að ekki er innritað í nám í kennslufræðum til kennsluréttinda að þessu sinni.

Guðmundur Heiðar Frímansson skýrði frá því að með samþykkt háskólaráðs 29. maí sl. að fella burt 4. lið í inntökureglum fyrir kennaradeild hafi um leið heimild um að taka inn nemendur að lágmarki með 70 einingar fallið burt og eftir standi 90 eininga lágmark. Háskólaráð staðfesti að svo hefði ekki átt að vera og gaf kennaradeild heimild til að taka inn nemendur með minnst 70 einingar. Samþykkt var að taka inn 18 nemendur á leikskólabraut og 37 nemendur á grunnskólabraut. 45 umsóknum í grunnnám í kennaradeild var hafnað. Þegar hafa verið teknir inn 57 nemendur í diplóma- og meistaranám.

Hermann Óskarsson benti á að ekki hefðu fyrr borist jafnmargar umsóknir um nám í hjúkrunarfræði. Háskólaráð samþykkti að taka inn 87 nemendur í hjúkrunarfræði og 15 í iðjuþjálfun. Samþykktar voru níu umsóknir í meistara- og diplómunám í heilbrigðisvísindum. Fjórum umsóknum var hafnað. Eyjólfur Guðmundsson lagði fram tillögur um innritun nemenda í viðskipta- og raunvísindadeild. Háskólaráð samþykkti innritun 112 nemenda í viðskiptafræði og 15 nemenda í tölvunarfræði. Auk þess eru 10 erlendar umsóknir um nám í tölvunarfræði í vinnslu. 20 umsóknir um nám í auðlindafræði voru samþykktar, þar af átta í líftækni, þrjár í sjávarútvegsfræði, sex í umhverfisfræði og þrjár í fiskeldisfræði í samstarfi við Háskólann á Hólum. Ein umsókn barst um nám í orkufræði og var henni hafnað en umsækjanda verður boðið

að innritast annað. Auk þessa óskaði Eyjólfur eftir undanþágu fyrir tvo umsækjendur um nám í sjávarútvegsfræði og einn í tölvunarfræði sem ekki höfðu lokið 70 einingum. Háskólaráð hafnaði þeirri beiðni. Sjö umsóknir voru samþykktar um meistaranám í auðlindafræði. Átta umsóknum var hafnað í grunnám. Háskólaráð beinir þeim tilmælum til deildarinnar að gætt verði fyllsta aðhalds í kennslu lítilla námshópa og gert verði átak í markaðssetningu á námsframboði í deildinni.

Deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar gat ekki mætt á fundinn og gerði Laufey Petrea grein fyrir tillögum deildarinnar. Háskólaráð samþykkti 79 umsóknir um grunnám þar af 21 í lögfræði. Samþykktar voru 12 umsóknir í meistarnám í lögfræði. 11 umsóknum um grunnám var hafnað.

Tekið er við umsóknum á allar brautir grunnnáms nema hjúkrunarfræði til 11. ágúst.

## **5. Endurskipulagning deilda**

Háskólaráð samþykkti að fela rektor að skipa starfshóp til að skoða kosti þess að sameina félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild. Starfshópurinn skal einnig kanna möguleika á samvinnu milli deildanna án þess að til sameiningar komi og bera þann kost saman við fyrri kostinn. Í umfjöllun um sameiningu deildanna skal starfshópurinn gera tillögur um skipulag og uppbyggingu hinnar nýju deildar og skiptingu hennar í starfseiningar. Jafnframt skal gera tillögu að nafni hinnar nýju deildar, gera áætlun um samkenndu námskeiða og leggja fram rekstraráætlun. Í umfjöllun um nánari samvinnu deildanna án þess að til sameiningar komi skal einnig gera grein fyrir skipulagi samvinnu, samkenndu námskeiða og rekstraráætlun. Starfshópurinn skal mæla með hvor leiðin verði farin þ.e. sameining deildanna eða aukin samvinna án sameiningar. Í starfshópnum eiga sæti fimm manns, tveir fulltrúar tilnefndir af hvorri deild og einn án tilnefningar. Starfshópurinn skili tillögum til háskólaráðs ekki síðar en 1. desember 2006.

Anna Þóra skilaði séráliti þar sem hún sagðist leggast alfarið gegn því að starfshópnum væri ætlað að mæla með hvor leiðin verði farin heldur væri það mál háskólaráðs að taka afstöðu á grundvelli þeirra gagna sem lögð verða fram.

## **6. Dómnefndarálit**

Bragi Guðmundsson kynnti þrjú dómnefndarálit. Hið fyrsta fjallaði um hæfi tveggja umsækjenda til að gegna stöðu deildarforseta heilbrigðisdeildar, annað um hæfi Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur til að gegna stöðu dósents og hið þriðja var um hæfi þriggja umsækjenda til að gegna stöðu háskólakennara við Heilbrigðisvísindastofnun HA.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitin með fyrirvara um athugasemdir umsækjenda en frestur þeirra til að senda inn athugasemdir rennur út um miðjan júlí.

## **7. Vinnuhópur um tungumál**

Eyjólfur greindi frá sjónarmiðum sínum um mikilvægi þess að marka tungumálastefnu við háskólann í ljósi fjölda erlendra starfsmanna og nemenda. Háskólaráð fól rektor að skipa starfshóp til að gera greiningarvinnu á tungumálastefnu innan háskólans.

## **8. Erindi um fjölgun nemenda í hjúkrunarfræði**

Rektor lagði fram til fróðleiks bréf sem hann ásamt Kristínu Ingólfssdóttur rektor HÍ og Magnúsi Péturssyni forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss sendu forsætisráðherra, menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra. Í bréfinu er vakið máls á skorti á hjúkrunarfræðingum og þeirri eindregnu ósk komið á framfæri við stjórnvöld að stofnununum verði gert kleift að fjölga hjúkrunarfræðinemum sem teknir verða inn í nám við HÍ og HA. Enn sem komið er hafa engin viðbrögð borist frá ráðuneytunum.

## **9. Erindi frá FHA**

Þórir Sigurðsson kom inn á fund og gerði grein fyrir afstöðu stjórnar FHA til uppsagna þriggja félagsmanna 31. maí sl. Háskólaráð vísaði málefniinu til rektors.

Guðbrandur og Ólafur yfirgáfu fund kl. 11:50.

## 10. Önnur mál

10.1 Lagt var fram bréf frá Fræðsluneti Austurlands þar sem óskað er eftir stofnaðild Háskólans á Akureyri að Þekkingarneti Austurlands. Háskólaráð samþykkti erindið.

10.2 Rektor gerði háskólaráði grein fyrir fundi sem hann átti með menntamálaráðherra í tengslum við gerð stofnanasamninga.

10.3 Anna Þóra vildi koma því á framfæri að hún teldi eðlilegt að sömu grundvallarreglur gildi fyrir allar deildir varðandi inntöku, a.m.k. fyrir grunnnámið, þótt e.t.v. þurfi einhver afbrigði sbr. Numerus clausus í heilbrigðisdeild.

10.4 Anna Þóra spurðist fyrir um vinnu fjarkennslunefndar. Úlfar sagði að nefndin væri að störfum og í gangi væri úrvinnsla á upplýsingum sem fram komu í nemendakönnuninni.

10.5 Anna Þóra spurðist fyrir um kostnað í tengslum við rekstur Austur-Asíuvers. Rektor sagðist koma með upplýsingar á næsta fund.

10.6 Anna Þóra spurðist fyrir um hvort háskólinn hefði yfir að ráða nægilega stórum stofum fyrir stóra hópa sem e.t.v. verða til með sífellt aukinni samkenslu.

10.7 Anna Þóra óskaði eftir upplýsingum um rekstrarkostnað og nýtingu líkamsræktarsalar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.